

Samþykki vegna myndatöku, myndbandsupptöku og birtingu myndefnis grunnskóla

Grunnskólar Garðabæjar starfa samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerðum sem eiga stoð í þeim lögum, aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2011, skólustefnu Garðabæjar og skólanámskrá grunnskólans. Sem liður í uppeldis- og menntastarfinu í grunnskólanum og til að veita forsjáraðilum og nemendum innsýn í starfsemi okkar eru teknar ljósmyndir og myndbönd af barninu í leik og starfi (þ.m.t. í starfsemi tómstundaheimilis og félagsmiðstöðva).

Allt myndefni er vistað í ljósmyndasafni Garðabæjar. Myndefnið getur verið birt á vefsíðu grunnskólans, og á öðrum opinberum vettvangi á vegum grunnskólans og Garðabæjar. Ljósmyndir eru ýmist notaðar í fréttabréfum, í skólanámskrá og til að upplýsa forsjáraðila um skólastarfið.

Forsjáraðilar taka afstöðu til þess hvort skólanum sé heimilt að taka ljósmyndir og/eða myndbönd af barni þeirra og vinna með þeim hætti sem að neðan greinir.

1. Er heimilt að taka ljósmyndir af barni þínu í daglegu starfi?

Já

Nei

2. Er heimilt að taka myndbönd af barni þínu í daglegu starfi?

Já

Nei

3. Má birta myndefnið í útgefnu efni á vegum grunnskólans og/eða Garðabæjar, t.d. í fréttabréfum, kynningarefni og skólanámskrá?

Já

Nei

4. Má birta myndefnið á opinni vefsíðu grunnskólans og/eða Garðabæjar?

Já

Nei

Grunnskólinn getur haft heimild samkvæmt lögum til birtingu mynda á aðgangsstýrðum svæðum (eins og t.d. nemendasjaldi eða sambærilegu í skólaupplýsingakerfi) þar sem slíkt kann að vera nauðsynlegur hluti af skólastarfi. Við slíka vinnslu þarf því ekki samþykki en gætt er að ákvæðum laga um um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 við slíka vinnslu.

Grunnskólinn er ábyrgðaraðili vinnslunnar og mun fylgja gildandi lögum og reglum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga við meðferð ljósmyndanna. Sé efni birt á vefsíðu/m Garðabæjar er bærinn samábyrgðarðili varðandi þá birtingu og fylgir sömu ákvæðum laga.

Heimilt er að draga gefið samþykki til baka hvenær sem er og skal það gert skriflega á þar til gerðu eyðublaði. Afturköllun samþykkis hefur ekki áhrif á lögmæti vinnslu sem heimiluð er á grundvelli samþykkis fram að afturkölluninni, sbr. 3. mgr. 10. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Persónulegar upplýsingar eru ekki sendar annað eða til þriðja aðila, án leyfis og eru þær varðveittar sem trúnaðarmál.

Reglur okkar um myndatöku, myndbandsupptökur og birtingu myndefnis:

- Við munum ekki tilgreina nafn eða aðrar upplýsingar um börn sem birtast í myndefni hjá okkur nema þegar um sérstakar ástæður er að ræða, eins og þegar barn hefur unnið til sérstakra verðlauna.
- Starfsfólk hefur ekki heimild til að taka myndir eða myndbönd af nemendum á tæki í eigin eigu.
- Um allar myndatökur, myndbandsupptökur og myndbirtingar skal gæta varúðar, nærgætni og góðs siðferðis og verða börn aldrei sýnd á óviðeigandi hátt.